



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 7. desember 2020
VEL2020110012

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um þjónustusamning við Útlendingastofnun vegna móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Á fundi velferðarráðs þann 2. desember sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að velferðarráð veiti heimild til að endurnýja þjónustusamning við Útlendingastofnun þannig að velferðarsvið þjónusti allt að 300 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Útlendingastofnun greiðir allan kostnað vegna samningsins. VEL2020110012.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Sósíalístafllokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Því ber að fagna að samningar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd séu stækkaðir um 80 manns, en Reykjavíkurborg tekur það að sér samkvæmt samningi við Útlendingastofnun. Hér er um að ræða viðkvæman hóp sem þarf að taka vel á móti og sinna vel, svo að þau geti komið sér fyrir í samfélaginu og dafnað og öll efling og bæting á þeirri þjónustu er jákvæð. Í heiminum er mikil neyð, og það er mikilvægt að Reykjavíkurborg og Ísland leggi sitt af mörkum til að hjálpa fólki á hrakhólum.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Á þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða var stofnað teymi starfsmanna sem koma að vinnslu mála umsækjenda um alþjóðlega vernd (UAV teymi). UAV teymið er þverfaglegt teymi og segir í gögnum að það samanstandi af starfsmönnum með fjölpætta menntun og mismunandi bakgrunn og reynslu. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort í teyminu sé fulltrúi notenda (umsækjenda) sjálfra? Það er mjög mikilvægt að hafa fulltrúa þeirra hópa sem teymið sinnir með í hópnum bæði þegar verið er að skipuleggja aðstoðina og veita hana. Það er erfiðara fyrir teymi að skynja og skilja þá fjölbreyttu flóru sem umlykur notendur þjónustunnar ef fulltrúi hennar er ekki í skipulaginu sama hversu

Þverfaglegt teymið er og fjölþætta menntun starfsmenn hafa eða eru með mismunandi bakgrunn og reynslu.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, reading 'Regína Ásvaldsdóttir'.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs lögð fram á fundi velferðarráðs þann 2. desember 2020.

Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 2. desember 2020.

Drög að þjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar.

Beiðni Útlendingastofnunar, dags. 14. október 2020, um endurnýjun og stækkun þjónustusamnings milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Endurnýjun og stækkun þjónustusamnings við Útlendingastofnun vegna móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd*

Lagt er til að velferðarráð veiti heimild til að endurnýja þjónustusamning við Útlendingastofnun þannig að velferðarsvið þjónusti allt að 300 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Útlendingastofnun greiðir allan kostnað vegna samningsins.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg gert samning við Útlendingastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þjónusta samkvæmt samningnum felst í að útvega umsækjendum um alþjóðlega vernd húsnæði, fæðis- og framfærslueyri og skólavist fyrir börn ásamt ýmissi annarri þjónustu á meðan umsókn þeirra um alþjóðlega vernd er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Önnur þjónusta er t.d. aðstoð vegna heilbrigðistengdrar þjónustu, túlkþjónusta, ráðgjöf, samgöngukort o.fl. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða annast framkvæmd samningsins fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Samingurinn var síðast endurnýjaður í apríl 2019 þar sem Reykjavíkurborg samþykkti að þjónusta 220 einstaklinga og gildir sá samningur til ársloka 2020. Beiðni barst frá Útlendingastofnun 14. október þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg stækki samning sinn um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd úr 220 upp í 300 manns (sjá meðfylgjandi bréf frá ÚTL) í senn frá 1. janúar 2021 til 30. nóvember 2023. Að öðru leyti verði innihald samnings óbreytt.

Til að stækka samning enn frekar, þá þarf að útvega húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og mun eignaskrifstofa fjármála- og áhættustýringarsviðs sjá um þá framkvæmd líkt og áður en eignaskrifstofa fjármála- og áhættustýringarsviðs fær 10% umsýslugjald af samningsfjárhæð vegna starfans. Einnig þarf að tryggja skólavist fyrir börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd og mun skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sjá um þá framkvæmd.

Allur kostnaður vegna samningsins greiðist af Útlendingastofnun.

Fylgiskjöl:

Minnisblað, dags. 2. desember 2020.

Drög að þjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar.

Beiðni Útlendingastofnunar, dags. 14. október 2020, um endurnýjun og stækkun þjónustusamnings milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 387. fund velferðarráðs 2. desember 2020
VEL2020110012
RÁ/sea

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Endurnýjun og stækkun þjónustusamnings við Útlendingastofnun vegna móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd*

Forsaga:

Beiðni barst frá Útlendingastofnun þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg stækki samning sinn um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd úr 220 upp í 300 mans (sjá meðfylgjandi bréf frá ÚTL frá 14 okt. 2020).

Árið 2014 gerði Útlendingastofnun samning við Reykjavíkurborg um þjónustu við umsækjendur en áður var það alfarið í höndum Reykjanesbæjar. Samningur við velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók gildi í janúar 2014 og var Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða (nú Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða) falið verkefnið. Reykjavíkurborg tók að sér að veita allt að 50 umsækjendum þjónustu og búsetuúrræði í senn. Vorið 2014 var samið um að fjöldi umsækjenda í þjónustu hjá Reykjavíkurborg færi upp í 70 manns. Sumarið 2015 fór fjöldinn upp í 90 og varð sú breyting á að gert var ráð fyrir að Reykjavíkurborg tæki bæði við einstaklingum og a.m.k. 5 fjölskyldum. Umfang þjónustunnar við umsækjendur hefur vaxið ört síðan þá. Árið 2017 hljóðaði samningur upp á þjónustu við 200 einstaklinga. Gerður var nýr samningur við Útlendingastofnun á árinu 2019 um að þjónusta 220 einstaklinga og gildir sá samningur til ársloka 2020.

Greinargerð:

Á þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíðar var stofnað teymi starfsmanna sem koma að vinnslu mála Umsækjenda um alþjóðlega vernd (UAV teymi). UAV teymið er þverfaglegt teymi og samanstendur af starfsmönnum með fjölþætta menntun og mismunandi bakgrunn og reynslu. Markmið teymisins er að veita umsækjendum sem besta þjónustu á meðan á umsóknarferli stendur, stuðla að vellíðan einstaklinga, valdefla þá og styrkja. Þjónustunni sem teymið veitir er skipt niður í ákveðna þjónustubætti; búsetuþjónustu, félagslega ráðgjöf, virkniráðgjöf og stoðþjónustu. Starfsmenn teymisins skipta með sér húsnaðisúrræðum og sinna hlutverki málsstjóra fyrir vissan fjölda einstaklinga og fjölskyldna. Málsstjórar hafa yfirsýn yfir þá þjónustu sem einstaklingar og fjölskyldur fá, taka viðtöl, gera einstaklingsáætlanir, fara í

heimavitjanir og sjá um samskipti og fundi við leik- og grunnskóla og það sem til fellur í hverju máli fyrir sig. Áhersla er lögð á að færa þjónustuna nær umsækjendum sem búa vítt og dreift um borgina. Boðið er upp á opna viðtalstíma hjá ráðgjöfum teymisins vikulega á eftirfarandi stöðum:

- Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða
- Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
- Borgarbókasafnið Spönginni
- Fjölskyldumiðstöðin Gerðubergi
- Félagsmiðstöðin Hraunbæ

Í opnum viðtalstímum er farið yfir hagnýt mál eins og réttindi og skyldur umsækjenda, þjónustu og stuðning teymisins, lækniþjónustu, samgöngur, virkniúrræði og fleira. Oftast er um viðkvæma einstaklinga að ræða sem eru í mikilli þörf fyrir félagslegan og sálfræðilegan stuðning. Umsækjendur eru einnig hvattir til að nýta virkniúrræði sem í boði eru hjá Borgarbókasafninu, Rauða krossi Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar, sem og þá virkni sem hefur verið sérstaklega í boði fyrir umsækjendur í þjónustu hjá Reykjavíkurborg: tungumálanám, líkamsrækt, sundkort, vatnslitanámskeið fyrir konur með ung börn, tónlistarsmiðja í samstarfi við LHÍ, tónlistaræfingar í samstarfi við LHÍ, menningarkort, fótbolli og krikket.

Árið 2018 var tekin ákvörðun um að efla stoðþjónustu til einstaklinga og fjölskyldna. Stoðþjónustan er margþætt aðstoð við athafnir daglegs lífs, inni á heimilum fólks og utan. Unnið er með að efla og styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust fólks með valdeflingu, virkja það og rjúfa félagslega einangrun. Einstaklingar fá aðstoð við innkaup, matseld og bakstur, rætt er um mataræði og þar sem börn eru í fjölskyldum er lögð áhersla á holla og góða næringu, tannhirðu, og fleira sem til fellur. Þannig er reynt að styrkja foreldrafærni og efla lífsgæði. Aðstoð og leiðbeiningar til foreldra við uppeldi og aðbúnað barna er rauði þráðurinn í stuðningi við barnafjölskyldur.

Helstu áskoranir teymisins er þekking á eigin fordómum, viðhorf til einstaklinga af öðru þjóðerni, kynþætti og menningaruppruna ásamt þekkingu á ólíkum siðum og trúarbrögðum. Þaðan sem fólk kemur hefur það oft á tíðum upplifað spillingu opinberra starfsmanna og er oft mjög hrætt við lögregluna vegna reynslu frá upprunalandinu og jafnvel löndum sem þau hafa farið til sem umsækjendur. Það á því stundum erfitt með að trúa að munnlegt loforð um þjónustu eða breytingu á þjónustu standist. Á mörgum menningarsvæðum er tabú að fara í sálfræðiviðtöl og því er heppilegra að nota orðið stuðningsviðtöl í stað sálfræðiviðtala. Þannig að áskoranir eru margvíslegar. Vinnan er krefjandi en um leið gefandi sem hefur kennt okkur að taka mið af margbreytilegum hópi umsækjenda hverju sinni.

Fjárhagsáætlun:

Hælisleitendur 2019

Tekjur

Ríkistjóður

.....

.

-676.827.345

-676.827.345

Hælisleitendur 2020

Nóvember

Tekjur

Ríkistjóður

.....

-629.109.189

-629.109.189

Rekstur	
Launakostnaður	151.103.545
.....	
Húsnæðiskostnaður	199.915.432
.....	
Framfærsla ofl	294.798.725
.....	
Annar kostnaður	18.408.265
.....	
Sjúkra og lækiskostnaður	7.770.925
.....	
Bifreiða og gistikostnaður	6.240.936
.....	
	678.237.828

Rekstur	
Launakostnaður	122.113.861
.....	
Húsnæðiskostnaður	189.747.105
.....	
Framfærsla ofl	264.550.030
.....	
Annar kostnaður	7.945.740
.....	
Sjúkra og lækiskostnaður	2.662.570
Bifreiða og gistikostnaður ...	4.021.071
	591.040.377

Samtal staða í lok tímabilsins 1.410.483

Samtal staða í lok tímabilsins -38.068.812

Skemmdir komu sem tekjur 2020 **-5.572.840**

Raun niðurstaða 2019 afgangur -4.162.357

Samantekt/niðurstaða:

Til að stækka samning enn frekar, þá þarf að útvega húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og mun eignaskrifstofa fjármála- og áhættustýringarsviðs sjá um þá framkvæmd líkt og áður en eignaskrifstofa fjármála- og áhættustýringarsviðs fær 10% umsýslugjald af samningsfjárhæð vegna starfans. Einnig þarf að tryggja skólavist fyrir börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd og mun skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sjá um þá framkvæmd.

Virðing, virkni og velferð eru kjörorð velferðarsviðs. Þau kjörorð og að tryggja samfellda og heildstæða þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd er leiðarljósið í vinnu teymisins.

**Útlendingastofnun, Dalvegi 18, 201 Kópavogi, kt. 670269-6399 og
Reykjavíkurborg, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, kt. 530269-7609 (hér eftir
nefndur þjónustuaðili) gera með sér svohljóðandi
þjónustusamning:**

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd (hér eftir nefndir umsækjendur).

Sameiginlega er vísað til Útlendingastofnunar (ÚTL) og þjónustuaðila sem samningsaðila. ÚTL tilnefnir tengilið hjá sér sem þjónustuaðili hefur samband við þegar þörf er á.

Samningurinn kveður á um skipan ábyrgðar milli samningsaðila og hvernig þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd skuli hagað. Á samningstíma getur reynst nauðsynlegt að breyta samningi eða gera við hann viðauka þannig að dregið sé úr ákveðnum þáttum þjónustunnar eða þeir styrktir.

Um samning þennan gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015, lög um útlendinga nr. 80/2016 (útlendingalög), reglugerð um útlendinga nr. 540/2017 (reglugerðin) og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Markmið

Markmið samningsins er að tryggja fullnægjandi lágmarksþjónustu, sbr. 6. gr. og húsnaði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum.

3. gr.

Fjármögnun verkefnis og greiðslur

Verkefnið er fjármagnað af fjárlagalið 06-399 Umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem er í umsjá ÚTL. Fjárhæðir í samningnum eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og um að stjórnvöld kunni að ákveða að gera breytingar á þeim vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samnings þessa greiðist annars vegar daggjald að upphæð [Click or tap here to enter text.](#) kr. fyrir hvern umsækjanda og hins vegar árlegt fastagjald að upphæð [Click or tap here to enter text.](#) kr. sem greitt er mánaðarlegt hlutfall af. Heildarfjárskuldbinding

ÚTL vegna ákvæða samningsins er [Click or tap here to enter text.](#) kr. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins takmarkast við heildarfjárskuldbindingu.

Daggjald

Daggjald fyrir umsækjenda tekur mið af ákvæðum 25. og 29. gr. reglugerðarinnar og áætluðum kostnaði vegna einstaklinga í þjónustu.

Í daggjaldi er innifalið:

- a. Kostnaður við húsnæði og rekstur þess miðað við sólarhringsdvöl.
- b. Fæði umsækjanda, þar sem við á.
- c. Framfærslufé og fæðispeningar umsækjanda miðað við sólarhringsdvöl.
- d. Skólavist fyrir börn samkvæmt 27. gr. reglugerðarinnar.
- e. Nauðsynleg tülkaþjónusta.
- f. Önnur umsamin þjónusta samkvæmt samningi þessum og viðaukum við hann auk þjónustu sem þjónustuaðili telur eftir atvikum nauðsynlegt, mikilvægt eða æskilegt að veita.

Áætlað er að 65% af upphæð daggjalds sé vegna fasts kostnaðar sem greiðist óháð nýtingu, sbr. 3. gr. samningsins.

Fastagjald

Fastagjaldi er ætlað að standa straum af launa- og rekstrarkostnaði samanber 7. mgr. 6. gr. samningsins.

Í fastagjaldi er innifalið:

Rekstur þjónustuaðila vegna verkefnisins, svo sem leiga á húsnæði fyrir starfsfólk og kostnaður við vinnuáðstöðu.

Kostnaður við fræðslu og leiðbeiningar um þjónustu við umsækjendur til starfsfólks þjónustuaðila.

Fjárhæðir daggjalds og fastagjalds eru háðar breytingu á neysluverðsvísitölu. Grunnvísitala miðast við vísitölu neysluverðs fyrsta dag undirritunarmánaðar sem er [Click or tap here to enter text.](#) stig. Verði gerðar breytingar á kjarasamningum sem leiða til hækkunar launakostnaðar verður fastagjald tekið til endurskoðunar.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu inntar af hendi mánaðarlega samkvæmt rafrænum reikningi frá þjónustuaðila. Í bókhaldi þjónustuaðila skal aðgreina fjárreiður verkefnisins á grundvelli fastagjalds og daggjalds. Á reikningi þjónustuaðila skal sundurgreina annars vegnar kostnað vegna einstaklinga í þjónustu, daggjalds og fjölda einstaklinga og hins vegar kostnað vegan mánaðarlegs fastagjalds. Með reikningi skal fylgja yfirlit yfir einstaklinga sem notið hafa þjónustu á reikningstímabilinu og fjölda dvalardaga í mánuði.

Þjónustuaðili skal annast framkvæmd samnings á eins skilvirkan og hagkvæman hátt og kostur er.

4. gr.

Fjöldi einstaklinga í þjónustu

Þjónustuaðili tekur að sér að veita allt að **220/300** umsækjendum þjónustu og húsnæði í senn og tekur þjónustuaðili við einstaklingum, fjölskyldum og þörum.

5. gr.

Hlutverk og ábyrgð ÚTL

ÚTL hefur eftirlit með framkvæmd þjónustuaðila á samningi þessum og nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins.

ÚTL veitir þjónustuaðila þær persónuupplýsingar sem þarf til að geta sinnt ábyrgð sinni samkvæmt samningi. Til að geta veitt umsamda þjónustu þarf þjónustuaðili að fá upplýsingar um nafn, fæðingardag og ríkisfang umsækjanda sem og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegt kann að vera að veita þjónustuaðila vegna þeirrar þjónustu sem samið er um.

ÚTL tilkynnir þjónustuaðila með skriflegum hætti upp upphaf og lok þjónustu hvers einstaklings samkvæmt samningi þessum. Heimilt er að senda tilkynninguna rafrænt sé fyllsta öryggis gagna og upplýsinga gætt. Með tilkynningu ÚTL um upphaf þjónustu skulu fylgja grunnpersónuupplýsingar um umsækjandann, upplýsingar um tungumálakunnáttu hans og sérþarfir ef einhverjar eru til að tryggja að þjónustuaðili geti veitt fullnægjandi þjónustu í samræmi við samning þennan.

Útlendingastofnun greiðir allan heilbrigðiskostnað sem ekki er innifalinn í framfærslufé umsækjanda sbr. 26. gr. reglugerðarinnar.

6. gr.

Hlutverk og ábyrgð þjónustuaðila

Í samningi þessum er mælt fyrir um lágmarksþjónustu sem skal veita umsækjendum um alþjóðlega vernd. Þjónustuaðili skal tryggja að þjónusta sé veitt skal vera veitt á grundvelli samnings þessa, viðaukum við hann og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eftir því sem við á, með þeirri undantekningu að þjónustuaðili gætir ekki hagsmuna umsækjanda gagnvart stjórnvöldum vegna meðferðar umsóknar um alþjóðlega vernd. Þjónustuaðili skal tryggja að farið sé að markmiðum samnings þessa og ber ábyrgð á að starfsfólk þjónustuaðila sé hæft til að sinna þjónustuskilyldum samkvæmt ákvæðum samnings þessa. Þjónustuaðili tryggir að fjöldi starfsfólks sem veitir þjónustu sé til samræmis við skyldur hans samkvæmt samningnum, viðauka 1 og fjárhagsramma hans.

Þjónustuaðila er heimilt að útfæra framkvæmd þjónustu á þann hátt sem skilvirkast er og hagkvæmast með það að markmiði að umsækjendur um alþjóðlega vernd fái sem besta þjónustu.

Þjónustuaðili gætir þess í störfum sínum að sýna umsækjendum virðingu og kurteisi og tekur tillit til þess að þeir geta verið í viðkvæmri stöðu.

Þjónustuaðili tekur við þeim umsækjendum sem ÚTL ákveður að skuli njóta þjónustu á grundvelli samningsins. Þjónusta er veitt þar til ÚTL tilkynnir að viðkomandi skuli ekki lengur njóta þjónustunnar.

Þjónustuaðila er óheimilt að framselja verkefni sín samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila.

Það er á ábyrgð þjónustuaðila að koma upplýsingum og erindum frá ÚTL til umsækjanda, svo sem boðunum í viðtöl. Þjónustuaðili sér ekki um að afhenda ákvarðanir um niðurstöðu máls umsækjanda.

Þjónustuaðili skal tilkynna tengilið hjá ÚTL samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skriflega um vandamál sem kunna að koma upp varðandi þjónustu við umsækjanda, s.s. kvartanir hans eða annarra eða brot á lögum eða reglum, þ.m.t. umgengnisreglum samkvæmt 4. mgr. 8. gr. samningsins. Öll lögbrot skal tilkynna lögreglu tafarlaust. Komi upp vafamál um veitingu þjónustu skal þjónustuaðili hafa samráð við tengilið hjá ÚTL.

Þjónustuaðili skal gefa út skýrslu í mars árlega, þar sem fram koma upplýsingar um nýtingu búsetuúrræða, yfirlit yfir veitta þjónustu, sundurliðaðan kostnað ásamt samantekt á framgangi verkefnisins og tillögur að úrbótum ef þörf er á.

7. gr.

Kröfur til húsnæðis og ábyrgð samningsaðila

Þjónustuaðili sér umsækjendum fyrir samþykktu íbúðarhúsnæði eða herbergi í húsnæði sem fullnægir lágmarkskröfum til gistiheimila, hjúkrunarheimila eða meðferðarheimila ásamt húsbúnaði. Til húsbúnaðar teljast þeir munir sem nauðsynlegir eru til að halda látlaust heimili. Heimilt er að samnýta húsnæði fyrir fleiri en einn umsækjanda. Stærð húsnæðis skal taka mið af fjölskyldugerð, aðstæðum umsækjanda og sérstakt tillit skal tekið til þarfa kvenna og barna. Að öðru leyti skal húsnæði vera í samræmi við viðauka 1.

Þjónustuaðili fylgist með þrifum og umgengni í húsnæði og leggur til efni og tæki til ræstingar á húsnæðinu við komu umsækjanda en í framhaldinu sér umsækjandi sjálfur um innkaup á hreinlætisvörum.

Nýti umsækjandi sér ekki búsetuúrræði samkvæmt samningnum skal þjónustuaðili tilkynna ÚTL það skriflega svo fljótt sem verða má.

Þjónustuaðili fer reglulega yfir húsnæði með tilliti til þess hvort þar sé að finna óværu sem kallar á aðkomu meindýraeyða. Verði vart við óværu sem kallar á aðgerðir skal þjónustuaðili hafa samband við tengilið hjá ÚTL og boða til fundar um aðgerðir og kostnað.

Þjónustuaðili fer jafnframt reglulega yfir húsnæði með tilliti til hvort þörf sé á viðhaldi og skal sjá til þess að húsnæði sem umsækjendur dveljast í sé vel viðhaldið.

ÚTL mun að jafnaði bæta það tjón sem verður á húsnæði sem nýtt er í þjónustuna, ef tjónið má rekja til ásetnings eða gáleysis umsækjanda og skemmdir teljast verulegar og tjónsupphæð fer framúr því sem fæst bætt með tryggingum. Þjónustuaðili skal sjá til þess að takmarka tjón sitt með kaupum á viðunandi ábyrgðartryggingum.

8. gr.

Réttindi umsækjanda og inntak þjónustu

Fæði og húsnæði

Umsækjendur eiga rétt á því húsnæði sem þjónustuaðili úthlutar þeim. Kjósi umsækjandi að búa í öðru húsnæði ber hann sjálfur kostnað af því.

Þjónustuaðili sér um greiðslur til umsækjanda samkvæmt 25. og 29. gr. reglugerðarinnar á meðan hann nýtur þjónustu. Umsækjandi sér sjálfur um innkaup og matseld. Til fæðispeninga heyrar matvörur, hreinlætisvörur, ólyfseðilsskyld lyf, vítamín o.fl.

Umsækjandi sem fær bráðabirgðadvalar- og atvinnuleyfi sér um eigin framfærslu og fer úr þjónustu sjö dögum frá útgáfu leyfisins samkvæmt ákvörðun ÚTL. Sé umsækjandi fyrirvinna fjölskyldu og launagreiðslur nægja ekki til framfærslu allrar fjölskyldunnar er heimilt í samráði við ÚTL að fjölskyldan búi áfram í húsnæði þjónustuaðila en fæðispeningar og framfærslufé allrar fjölskyldunnar fellur niður sjö dögum frá útgáfu leyfisins.

Að öðru leyti skal fara eftir 25. gr. reglugerðarinnar við ákvarðanatöku um fæði og húsnæði.

Framfærslufé

Þjónustuaðila er óheimilt að skerða þjónustu við umsækjanda eða framfærslufé, sbr. 29. gr. reglugerðarinnar, nema samkvæmt skriflegum fyrirmælum frá ÚTL.

Um framfærslufé umsækjanda gildir 29. gr. reglugerðarinnar. Verði framfærslufé umsækjanda skert vegna brota á reglugerð um útlendinga eða vegna á brota á umgengnisreglum skal þjónustuaðili tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Fatnaður

Rauði krossinn á Íslandi tryggir umsækjendum reglulega og endurgjaldslausu fataúthlutun í samstarfi við þjónustuaðila á grundvelli samnings dómsmálaráðuneytisins, ÚTL og Rauða krossins, dags. 8. mars 2018. Ef ekki tekst að útvega umsækjendum undirföt og vetrarskó skal þjónustuaðili tryggja þeim þær nauðsynjar.

Heilbrigðisþjónusta og lyfjakostnaður

Um heilbrigðisþjónustu við umsækjendur fer samkvæmt 26. gr. reglugerðarinnar og samningi ÚTL við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), dags. 28. maí 2018, nýti þjónustuaðili þann samning.

ÚTL sér um fyrstu læknisskoðun við komu umsækjanda til landsins, sbr. 25. gr. útlendingalaga.

Þjónustuaðili sér um samskipti umsækjanda við HH, viðeigandi heilsugæslu og við aðra sérfræðilækna og sérfræðinga og aðstoðar umsækjanda við tímapantanir og annað tengt heilsugæslu um leið og viðkomandi kemur í þjónustu hans. Þjónustuaðili sendir beiðnir á apótek vegna lyfseðla sem útgefnir eru af HH, læknavaktinni, öðrum heilsugæslum, bráðamóttöku eða þeirri heilsugæslu sem sinnir ungbarna- og mæðraeftirliti.

Samgöngur

Þjónustuaðili tryggir umsækjendum gjaldfrjálsan aðgang að almenningssamgöngum til að komast í þjónustu samkvæmt samningi þessum eða aðra þjónustu sem talin er nauðsynleg að mati ÚTL eða þjónustuaðila, sbr. og 28. gr. reglugerðarinnar.

Túlkabjónusta

Þjónustuaðili skal sjá til þess að umsækjendur fái notið þjónustu túlks eftir því sem þörf er á. Þjónustuaðili metur hvort þörf sé á þjónustu túlks og er heimilt að nýta fjarskiptatækni, svo sem síma eða myndsíma við túlkun. Meta skal þörf á túlkun og form túlkunar eftir aðstæðum hverju sinni. Tryggja skal að börn umsækjenda séu ekki túlkar.

9. gr.

Ráðgjöf, félagslegur stuðningur og virkniúrræði

Þjónustuaðili býður umsækjendum upp á reglubundna viðtalstíma þar sem veitt er félagsleg ráðgjöf og stuðningur með hliðsjón af lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þjónustuaðili skal leitast við að gefa umsækjendum tækifæri til að kynnast íbúum og staðhátum í sveitarfélaginu og afla sér þekkingar á íslensku samfélagi meðan á málsmeðferð stendur, m.a. með því að upplýsa umsækjendur um afþreyingu sem stendur til boða í nærsamfélaginu.

Til að auðvelda samskipti umsækjanda við aðstandendur í heimalandi skal þjónustuaðili tryggja umsækjendum internetaðgang.

10. gr.

Samstarf og samráðsvettvangur

Samningsaðilar geta óskað eftir fundum þar sem fjallað er um einstök mál varðandi samninginn og þjónustuna.

ÚTL heldur árlega fund með öllum þjónustuaðilum í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd þar sem farið er yfir samstarf og þróun í málaflokknum. Þjónustuaðili skal taka þátt í þeim fundi á gildistíma samningsins.

11. gr.

Eftirlit

ÚTL hefur eftirlit með framkvæmd þjónustu á grundvelli samningsins.

Samkvæmt samningi dómsmálaráðuneytisins, ÚTL og Rauða krossins á Íslandi, dags. 8. mars 2018, sinnir ÚTL eftirliti með aðbúnaði umsækjanda. Skal þjónustuaðili veita ÚTL aðgengi og aðstoð til að þeim skyldum sé fullnægt, sé farið fram á það skriflega með sanngjörnum fyrirvara. Eftirliti skal sinnt t.d. með vettvangsferðum sem og fundum, sbr. 10. gr. samningsins.

12. gr.

Persónuvernd

Samningsaðilar skulu í störfum sínum fara eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og öðrum þagnarskylduákvæðum sem málefni umsækjanda varða.

Samningsaðilar skulu bundnir af öllum viðeigandi lagaákvæðum sem varða meðferð persónuupplýsinga og sérstaklega reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við meðferð persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almennu persónuverndarreglugerðinni) með lögum nr. 90/2018.

Samningsaðilar skulu:

1. Aðstoða hvorn annan við að framkvæmd þjónustu og samskipti séu í samræmi við persónuverndarlög.
2. Einungis vinna með persónuupplýsingar í samræmi við tilgang samnings og fylgiskjala.
3. Tryggja trúnað um meðferð persónuupplýsinga sem þessi samningur tekur til í samræmi við X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
3. Tryggja að þeir starfsmenn sem hafi aðgang að persónuupplýsingum í tengslum við framkvæmd samningsins séu bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum.

4. Gæta þess að tölvur, tæki, forrit og þjónusta séu hönnuð með innbyggða og sjálfgefna persónuvernd að leiðarljósi.

Aðilar eru sammála um að forðast að senda viðkvæmar persónuupplýsingar í tölvupósti. Ef aðilar þurfa að skiptast á gögnum í tölvupósti, sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar, í tengslum við framkvæmd þjónustunnar, skulu aðila gæta að því að persónuupplýsingar séu sendar með öruggum hætti, t.d. í læstu viðhengi eða með dulkóðun.

Hvor aðili skal sjá um að svara beiðnum er þeim berast í tengslum við réttindi einstaklinga á grundvelli persónuverndar. Þjónustuaðila ber ábyrgð á að veita umsækjanda um vernd upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga hjá sér. Að því marki sem hægt er skulu aðilar aðstoða hvorn annan við að við að sinna þeirri skyldu sinni að bregðast við erindum umsækjanda vegna réttinda þeirra.

Aðilar skulu tilkynna hvor öðrum með tölvupósti ef til öryggisbrests kemur við meðferð persónuupplýsinga varðandi persónuupplýsingar sem samningur þessi tekur til. Skulu viðeigandi upplýsingar fylgja með eins og við á.

13. gr.

Meðferð ágreinings, vanefndir og riftun

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skulu samningsaðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla. Séu vanefndir samningsaðila verulegar eða ekki næst að leysa úr ágreiningi er heimilt að rifta samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

Mál vegna samnings þessa skal rekið fyrir Choose an item.

14. gr.

Gildistími og endurskoðunarákvæði

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2021 Til 31. nóvember 2023. Hvorum samningsaðila er heimil uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara. Þremur mánuðum fyrir samningslok skal liggja fyrir hvort samið verður um framhald þjónustunnar.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við umsækjendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustuaðila verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Choose an item.

F.h Choose an item.

F.h. ÚTL

Staðfest f.d. dómsmálaráðuneytis

Samningsdrög

Viðauki 1

Viðmið um framkvæmd þjónustu og kröfur til húsnæðis

Lágmarks þjónusta

Samningurinn mælir fyrir um lágmarksþjónustu sem veita skal umsækjendum um alþjóðlega vernd samkvæmt reglugerð um útlendinga. Þjónustuaðila er heimilt að útfæra þá þjónustu á þann hátt sem skilvirkast er og hagkvæmast með það að markmiði að umsækjendur um alþjóðlega vernd fái sem besta þjónustu sbr. 2. mgr. 6. gr. samningsins. Í því felst að þjónustuaðila er heimilt að veita þjónustu umfram það lágmark sem samningurinn og reglugerðin gerir ráð fyrir og hvetur Útlendingastofnun þjónustuaðila til að gera slíkt þegar kostur er.

Umfram þjónusta getur t.d. verið, en takmarkast ekki við: Aðgangur að heilsurækt, bókasafnskort, tungumálanámskeið, önnur félagsleg úrræði, afþreying og viðburðir sem þjónustuaðili telur nauðsynlegt, mikilvægt eða æskilegt að veita.

Ljóst að þjónustuaðilar hafa mis mikið bolmagn til að veita umsækjendum umfram þjónustu. Þjónustuaðila er heimilt að hafa samráð við aðra þjónustuaðila í því skyni að þjónusta verði sambærileg, samræma viðburði og afþreyingu eða til að fá tillögur og hugmyndir að því hvernig þjónusta geti verið sem best.

Kröfur til húsnæðis sbr. 7. gr. samnings

Þær lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í 7. gr. vísa til þeirra krafna sem lög og reglugerðir um samþykkt íbúðarhúsnæði, gistiheimili og meðferðarheimili segja til um, svo sem um fermetrafjölda á einstakling og fjölda baðherbergja. Að öðru leyti skal lágmarksbúnaður í húsnæði vera samkvæmt eftirfarandi töflum. Við upphaf þjónustu hjá ÚTL fær umsækjandi ákveðna hluti sem hann tekur með sér til sveitarfélaga og er því val sveitarfélags hvort það leggur þá hluti til:

Lágmarks húsbúnaður í úrræðum á vegum sveitarfélaga;	Hjá Útlendingastofnun	Taka með frá UTL til sveitarfélags
Eldhús;		
Eldhúsborð	X	
Stólar / barnastólar ef við á	X	
Diskar	X	X
Skálar	X	X
Glös	X	X
Hnífapör	X	X
Eldunaráhöld	(X)	(X)
Pottur	X	X
Panna	X	X
Ísskápur	X	
Viskastykki / tuska		
Stofa;		
Sófasett	Í sameiginlegu rými	
Sófaborð	Í sameiginlegu rými	
Sjónvarp + sjónvarpsborð	Fylgarlaus ungmenni.	
Svefnherbergi (pr.einstakling);		
Rúm / barnarúm ef við á.	X	X
Sæng + koddi	X	X
Sængurverasett + lak	X	X
Annað;		
Skúringarmoppa	Aðgengilegt öllum	
Ryksuga	Aðgengilegt öllum	
Þvottavél	X	
Þurrkari / þurrkgrind	X	



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Reykjavíkurborg

B.t. Sigprúðar Erlu Arnardóttur, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Laugavegi 77

101 Reykjavík

Kópavogi. 14. október 2020

Tilvísun: 2020090024

Efni: Endurnýjun og hugsanleg stækkun á þjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar.

Með þessu bréfi er óskað eftir að viðræður hefjist við sveitarfélagið Reykjavíkurborg um stækkun þjónustusamnings, ef vilji borgarstjórnar er til þess.

Núgildandi samningur Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd er frá 1. janúar 2019 og gildir til 31. desember 2020.

Óskað er eftir viðræðum um að Reykjavíkurborg taki að sér að þjónusta allt að 300 einstaklinga en að öðru leyti verði innihald samnings óbreytt. Á samningstímabili stendur til að endurskoða svokallað fastagjald og daggjald með það að markmiði að kostnaðarliðir verði skýrari, gagnsærri og svari betur til raunkostnaðar.

Forsendur

Útlendingastofnun hefur gert þjónustusamning við þrjú sveitarfélög um framangreinda þjónustu, Reykjavíkurborg með 220 einstaklinga, Hafnarfjarðarbær með 100 einstaklinga og Reykjanesbær með 70. Það er stefna stofnunarinnar að öll þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd verði hjá sveitarfélögum, en móttökumiðstöð verði rekin af stofnuninni sjálfri, þar sem greining á þörfum umsækjenda og lok tiltekinna mála fer fram (s.s. augljósar veitingar og bersýnilega tilhæfulausar umsóknir). Sú hugmyndafræði hefur ekki gengið eftir þar sem sveitarfélög ná ekki að þjónusta þann fjölda sem að jafnaði er í kerfinu og stofnunin hefur því ítrekað þurft að bregðast skjótt við og taka á leigu húsnæði þegar mikil fjölgun hefur orðið. Leitað hefur verið eftir þátttöku annarra sveitarfélaga á síðustu fjórum árum en ekkert hefur komið út úr þeim umleitunum.

Að mati Útlendingastofnunar hefur samstarfið við Reykjavíkurborg gengið vel og er ljóst að mikill metnaður ríkir hjá borginni hvað varðar framkvæmd og útfærslu verkefnisins, má þar nefna sérstök virkniúrræði og félagslega ráðgjöf með styrkleikanálgun og valdeflingu að leiðarljósi.



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Starfsemi Útlendingastofnunar í sveitarfélögum

Búsetuúrræði stofnunarinnar eru nú í þremur sveitarfélögum en misjafnt er hversu viðamikil starfsemin er á hverjum stað. Framboð og verð ræður hvar húsnæði Útlendingastofnunar eru á hverjum tíma, utan þess að móttökumiðstöð er skilgreind í Bæjarhrauni 18, Hafnarfirði. Í ár var þjónustusamningur við Hafnarfjarðarbæ stækkaður og yfir standa viðræður við Reykjanesbæ um að stækka þjónustusamning við sveitarfélagið.

Kostnaðarmat

Til nánari glöggvunar eru settar inn viðmiðunarfjárhæðir hér að neðan miðað við daggjald í september 2020 og núverandi fastagjald til sveitarfélagsins:

Dæmi um greiðslur samkvæmt þjónustusamningi miðað við hámarks fjölda

Fjöldi einstaklinga	Daggjald á ári	Fastagjald á ári	Samtals greiðslur á ári	Greiðslur á mánuði
220	706.318.800	42.428.571	748.747.371	62.395.614
300	963.162.000	57.857.143	1.021.019.143	85.084.929

F.h. Útlendingastofnunar